

Afkoma Glitnis banka á 2. ársfjórðungi 2008

Hagnaður samstæðu fyrir skatta 15,4 milljarðar á fyrri helmingi ársins
Hagnaður færður yfir eigið fé 40 milljarðar króna fyrir skatta
Sterk lausafjárstaða 8,1 milljarður evra

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Hagnaður eftir skatta á 2. ársfjórðungi nam 7,6 milljörðum króna, aukning um 29,3% frá 1. ársfjórðungi 2008
- Arðsemi eigin fjár 17,0% á ársgrundvelli samanborið við 15% á fyrri ársfjórðungi
- Hreinar rekstrartekjur hafa aldrei verið hærrí, eða 26,9 milljarðar króna og jukust um 5% frá síðasta ársfjórðungi sem þá var metfjórðungur í þessu tilliti
- Hreinar vaxtatekjur á 2. ársfjórðungi voru 17,8 milljarðar og jukust um 29% frá fyrra ársfjórðungi
- Þóknatekjur áfram sterkar og voru 9,3 milljarðar nú og drógust saman um 12,7% frá 1. ársfjórðungi
- Gjöld námu 14,8 milljörðum króna sem er 7,2% hækkun frá 1. ársfjórðungi 2008
- Samdráttur var á lánasafni bankans, leiðrétt fyrir gengi og verðbólgu, upp á 2% á 2. ársfjórðungi
- Lausafjárstaða hefur haldist traust og nam 8,1 milljarði evra í lok annars ársfjórðungs
- Eiginfjárlutfall á CAD grunni helst sterkt og var 11,2%, þar af var A-lutfall 8,0%

TÍÐINDI AF TÍMABILINU

- Tekjur af kjarnastarfsemi voru traustar, hafa aukist um 10% að meðaltali á hverjum ársfjórðungi (CQGR) frá 2. ársfjórðungi 2007
- Hagnaður af kjarnastarfsemi fyrir skatta¹ jókst um 19,9% milli ársfjórðunga
- Hlutfall kostnaðar af tekjum hækkaði lítillega og var 55% samanborið við 54% á fyrsta ársfjórðungi
- Góð afkoma var á markaðsviðskiptum og fyrirtækja- og fjárfestingabankasviðum á fyrri helmingi ársins
- 40% ráðgjafatekna á fyrstu sex mánuðum ársins voru tengdar markaðssyllum. Verkefnastaða á syllum góð horft fram á veginn
- Í júní var kynnt ný alþjóðleg sparnaðarleið, Save&Save, í Noregi og á Íslandi. Glitnir mun kynna þessa vöru á fleiri markaðssvæðum á næstu misserum
- Vel heppnuð útgáfa sérvarins skuldabréfs í Noregi að andvirði 900 m. evra

Lárus Welding, forstjóri Glitnis: „Ég er afar sáttur við afkomu Glitnis á öðrum ársfjórðungi. Tekjur og hagnaður af kjarnastarfsemi jukust um tæplega 20% annan fjórðunginn í röð. Bankinn hefur með skýrri stefnumörkun og skipulögðum aðgerðum sýnt mikinn styrk við erfiðar aðstæður á alþjóðlegum fjármálamörkuðum á þessu ári. Við höfum stöðugt verið að bæta kjarnaafkomu bankans auk þess sem hagrætt hefur verið í rekstri. Við gerum ráð fyrir að þær aðgerðir fari að skila sér á seinni hluta þessa árs.

Við höfum aflað um 2,4 milljarða evra í fjármögnun á fyrstu sex mánuðum ársins. Þá hefur bankinn endurgreitt andvirði 2,1 milljarða evra sem voru á gjalddaga á árinu. Þrátt fyrir þetta og mikla veikingu krónunnar hefur eiginfjárlutfall bankans (CAD) hækkað frá því á síðasta ársfjórðungi en það stendur nú í 11,2%. Okkur hefur einnig tekist að minnka efnahagsreikning bankans frá fyrsta ársfjórðungi.

Undir lok ársfjórðungsins kynnti bankinn nýja sparnaðarleið, „Save&Save“ í Noregi og á Íslandi. Markmiðið er að sækja inná önnur markaðssvæði með þessa vöru á næstu misserum.

Við munum einbeita okkur að kjarnastarfseminni og nýta þau tengsl sem hafa verið byggð upp í kringum markaðssyllum okkar í sjávarútvegi og endurnýjanlegri orku.

Við gerum ekki ráð fyrir að alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir opnast í bráð. Lausafjárstaða bankans er góð og okkur eru ýmsar leiðir færar í fjármögnun ekki síst í ljósi gæða eigna okkar.“

Nánari upplýsingar veita:

Lárus Welding	Rósant Már Torfason	Sigrún Hjartardóttir	Már Músson
Forstjóri	Framkv.stj. fjármálasviðs	Forstöðumaður fjárfestatengsla	Forstöðumaður kynningarmála
S: 440 4005	S: 440 4743	S: 440 4748	S: 440 4990
		SiHj@glitnir.is	MM@glitnir.is

Reikninga Glitnis er að finna á heimasíðu bankans www.glitnir.is

¹ Hagnaður eftir skatta og afskriftir – aðrar rekstrartekjur

1. Afkoma samstæðu

1.1. Helstu niðurstöður rekstrarreiknings

(m.kr)	2. ársfj. 2008	1.ársfj. 2008	4.ársfj. 2007	3.ársfj. 2007	2.ársfj. 2007
Hreinar vaxtatekjur	17.790	13.793	11.863	9.618	9.658
Hreinar þóknatekjur	9.257	10.604	10.594	10.864	8.888
Aðrar rekstrartekjur	-136	1.227	-2.547	3.308	4.637
Hreinar rekstrartekjur	26.911	25.624	19.910	23.790	23.183
Rekstrarkostnaður	-14.786	-13.799	-15.642	-11.738	-12.127
- Laun og launatengd gjöld	-7.315	-7.612	-8.900	-7.063	-7.126
- Annar rekstrarkostnaður	-7.471	-6.188	-6.742	-4.675	-5.001
Virðisrýrnun	-4.492	-4.119	-2.366	-1.671	-247
Aðrar tekjur	24	4	1.905	13	478
Hagnaður fyrir skatta	7.657	7.710	3.808	10.394	11.287
Tekjuskattur	-83	-1.851	-1.320	-1.759	-1.766
Hagnaður tímabilsins	7.574	5.859	2.486	8.636	9.521

HAGNAÐUR


Hagnaður Glitnis á 2. ársfjórðungi 2008 nam 7.657 m.kr. fyrir skatta, samanborið við 7.710 m.kr. á 1. ársfjórðungi þessa árs. Hagnaður fyrir skatta á öðrum ársfjórðungi 2007 nam 11.287 m.kr.

Hagnaður eftir skatta var 7.574 m.kr. á 2. ársfjórðungi 2008 samanborið við 5.859 m.kr. á fyrri ársfjórðungi. Lágur skattagreiðslur nú stafa m.a. af lækkun skattprósentsu úr 18% í 15%, breyting sem tekur gildi afturvirktil til 1. janúar þessa árs. Hagnaður eftir skatta á 2. ársfjórðungi fyrri árs nam 9.521 m.kr.

Hagnaður á hvern hlut hækkar um 22,5% milli fjórðunga, nam 0,49 krónum á hlut á 2. ársfjórðungi 2008 samanborið við 0,40 krónur á hlut á fyrstu þremur mánuðum ársins.

Arðsemi eiginfjár samkvæmt rekstrarreikningi var 17,0% eftir skatta á fjórðungnum samanborið við 15,0% á 1. ársfjórðungi 2008. Arðsemi eigin fjár á 2. ársfjórðungi 2007 var 29,8%. Arðsemi eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa gjaldeyrisstöðu yfir eigin fé var 52% á fyrri helmingi ársins.

Hagnaður fyrir skatta / hagnaður af kjarnastarfsemi f. skatta




TEKJUR

Aukning vaxtatekna á milli fjórðunga er 29%. Þessi tekjuliður skilaði 17.790 m.kr. samanborið við 13.793 m.kr. á 1. ársfjórðungi. Mælt milli ára er aukningin 84,2%, en vaxtatekjur voru 9.658 m.kr. á öðrum fjórðungi 2007.

Vaxtamunur á tímabilinu var 1,9%, samanborið við 1,7% á 1. ársfjórðungi 2008. Vaxtamunur var 1,7% á 2. ársfjórðungi 2007.

Hreinar þóknatekjur námu 9.257 m.kr. á 2. ársfjórðungi 2008. Samdráttur var á þessum lið frá fyrri ársfjórðungi en þá námu þóknatekjur 10.604 m.kr. Mælt milli ára er aukningin 4,2% og voru hreinar þóknatekjur þá 8.888 m.kr.

Tekjur af kjarnastarfsemi, skipt eftir tegund



Í heildina jukust rekstrartekjur á 2. ársfjórðungi 2008 um 5% samanborið við fyrri ársfjórðung. Hreinar vaxtatekjur voru 66% heildartekna á öðrum ársfjórðungi 2008 og þóknatekjur 34%.

GJÖLD

Glitnir hefur brugðist hratt við breyttum markaðsaðstæðum og hélt áfram að aðlaga rekstur sinn á Íslandi og í Evrópu að breyttu fjármálaumhverfi á ársfjórðungnum. Þetta var gert með hagræðingu í rekstri, fækkun starfsmanna og sameiningu útibúa. Hagræðingar af þessum aðgerðum verður vart í kostnaðartölum á síðari helmingi ársins.


Laun og launatengd gjöld drógust saman um 297 milljónir milli fjórðunga, úr 7.612 m.kr. í 7.315 m.kr. á 2. ársfjórðungi 2008. Þessi liður nam 7.126 m.kr. á sama tímabili í fyrra. Starfsmönnum samstæðunnar fækkaði um 117 milli fjórðunga. Meðalstöðugildi voru 2.174 á 2. ársfjórðungi 2008 samanborið við 2.291 meðalstöðugildi á fjórðungnum á undan.

Rekstrarkostnaður nam 14.786 m.kr. á 2. ársfjórðungi 2008, samanborið við 13.799 m.kr. á 1. ársfjórðungi. Aukningin er meðal annars tilkomin vegna einskiptiskostnaðar í tengslum við hagræðingaraðgerðir bankans sem og kostnaðar við ýmis fjármögnunarverkefni bankans.

1.2. Helstu niðurstöður efnahagsreiknings

(m. kr.)	2. ársfj. 2008	1. ársfj. 2008	4. ársfj. 2007	3. ársfj. 2007	2. ársfj. 2007
Sjóðsígildi og innistæður Seðlabanka	366	424	334	327	173
Lán til viðskiptavina	2.548	2.516	1.975	1.786	1.571
Fjáreignir	730	738	503	501	472
Óáþreifanlegar eignir	63	62	47	54	48
Aðrar eignir	155	125	90	98	71
Eignir	3.863	3.865	2.949	2.766	2.335
Innlán	1.021	891	781	720	552
Lántaka	2.242	2.372	1.746	1.593	1.357
Vikjandi lán	146	147	102	99	95
Aðrar skuldir	253	266	151	186	180
Eigið fé	200	189	170	168	151
Skuldir og eigið fé	3.863	3.865	2.949	2.766	2.335

Próun tekna af kjarnastarfsemi



AÐRIR LIÐIR

Virðisryrnun útlána og krafna nam 4.100 m.kr. á 2. ársfjórðungi 2008 samanborið við 3.714 m.kr. á 1. ársfjórðungi.

Hlutfall kostnaðar af tekjum stóð nánast í stað frá fyrri ársfjórðungi og var 55% samanborið við 54% á 1. ársfjórðungi. Kostnaðarhlutfall 2. ársfjórðungs 2007 var 52%.

Reiknaður tekjuskattur á 2. ársfjórðungi 2008 nam 83 m.kr. samanborið við 1.851 m.kr. á síðasta ársfjórðungi og 1.766 m.kr. á 2. ársfjórðungi 2007. Mikill munur á þessari stærð milli fjórðunga skýrist af lækkun skattaprósentu úr 18% í 15%, breyting sem gildir afturvirkta frá 1. janúar þessa árs.


EIGNIR

Lán og kröfur til viðskiptamanna lækkuðu að raunvirði um 45 ma.kr. að teknu tilliti til verðbólgu og veikingar íslensku krónunnar. Að nafnvirði jókst stærð lánabókar um 33 ma.kr.

Heildareignir Glitnis dragast lítillega saman frá fyrra ársfjórðungi. Þær eru nú að virði 3.863 milljarða en voru að virði 3.865 milljarða í lok mars.

Sjóðsígildi og innstæður í Seðlabanka námu 366 milljörðum króna í lok júní 2008 en voru 424 milljarðar eftir fyrsta ársfjórðung.

Heildareignir í lok hvers ársfjórðungs




SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

Eigið fé jókst um 11,7 ma. kr. á 2. ársfjórðungi og nam 200 ma.kr. króna í júnílok. Óvarðar stöður í erlendum dótturfyrirtækjum gáfu af sér 4.484 milljónir króna í hagnað sem færðust beint yfir í eigið fé á tímabilinu.

CAD hlutfall við lok annars ársfjórðungs 2008 nam 11,2% og A hluti eiginfjár var 8% samanborið við 11,0% og 7,7% í lok mars. Við lok fyrsta ársfjórðungs voru eiginfjárlutföll Glitnis að fullu varin fyrir gengissveiflum og hafa því ekki lækkað af völdum þeirra.

CAD hlutfall



1.3. Fjármögnun og lausafjárstaða

FJÁRMÖGNUN

Glitnir hefur lagt á það áherslu að auka fjölbreytni í fjármögnunarleiðum. Óróleiki á fjármagnsmörkuðum hefur gert hefðbundna langtíma skuldabréfaútgáfu því sem næst ómögulega. Glitnir hefur brugðist hratt við þessum breyttu aðstæðum og verið framsækinn í að leita nýrra leiða til að tryggja fjármögnun bankans. Sterkt eignasafn bankans hefur þannig verið nýtt til útgáfu sérvarinna skuldabréfa, dregið hefur verið úr skuldsetningu og sambönd styrkt við helstu viðskiptabanka.

Meðal nýlegra og vel heppnaðra útgáfa eru sérvarin skuldabréf í Noregi annars vegar að andvirði 900 m. evra., sérvarin skuldabréf á Íslandi að andvirði 65 ma. kr. og breytanlegt skuldabréf að andvirði 15 ma. kr. sem styrkti eiginfjárlutfall bankans.

Á fyrstu sex mánuðum ársins 2008 tryggði Glitnir sér fjármögnun að andvirði 2,4 ma. evra á kjörum sem eru umtalsvert lægri en skuldatryggingaálag bankans gefur til kynna. Á sama tíma á síðasta ári hafði Glitnir tryggt sér fjármögnun að andvirði 3,4 ma. evra og naut þar góðs aðgengis að lánsfjármagni. Árangurinn í ár verður því að teljast mjög góður í ljósi gjörbreyttra aðstæðna á fjármálamörkuðum heimsins.

Innlán eru brýnn og vaxandi þáttur í fjármögnun Glitnis. Heildsöluinnlán bankans í Bretlandi hafa sveiflast nokkuð eins og algengt er þegar fagfjárfestar eiga í hlut og í ljósi þeirrar lausafjárþurrðar sem einkennir markaðinn. Ísland og Noregur eru mikilvægustu markaðir bankans á sviði innlána einstaklinga. Þessir tveir markaðir leggja til um 85% af innlánum Glitnis. Innlán í þessum löndum hafa verið mjög stöðug þrátt fyrir miklar hræringar á mörkuðum og harða samkeppni við aðrar sambærilegar vörur.


LAUSAFJÁRSTAÐA

Lausafjárstaða Glitnis hefur áfram haldist sterk þrátt fyrir erfiða tíma á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Sex mánaða lausafjárhlutfall Glitnis var 87% við lok 2. ársfjórðungs samanborið við 89% í lok 1. ársfjórðungs. Tólf mánaða lausafjárhlutfallið var 119% í lok 2. ársfjórðungs sem er svipað og við lok 1. ársfjórðungs. Þessi staða endurspeglar árangur bankans á síðustu mánuðum við að tryggja sér fjármögnun, m.a. með útgáfu sértryggðra skuldabréfa, aðgerðum sem miða að því að nýta efnahagsreikning bankans fyrir tryggja fjármögnun og áframhaldandi endurskipulagningu á einstökum einingum sem ekki skila framlagi til kjarnastarfsemi bankans.


LÁNSHÆFISMAT GLITNIS

Glitnir er eini íslenski viðskiptabankinn sem nýtur lánshæfis hjá þremur stærstu lánshæfismatsfyrirtækjunum Moody's, Fitch Ratings og Standard & Poor's (S&P). Engar breytingar hafa verið gerðar á lánshæfismatseinkunn Glitnis hjá Moody's í fjórðungnum og metur fyrirtækið horfur Glitnis stöðugar. Lánshæfiseinkunnir Glitnis hjá Moody's eru því A1 fyrir langtímaskuldbindingar, og P-1 fyrir skammtímaskuldir. Fitch setti Glitni á athugunarlista í apríl og lækkaði einkunn bankans úr A í A- fyrir langtímaskuldbindingar og úr F1 í F2 fyrir skammtímaskuldbindingar í maí. Horfur segja Fitch neikvæðar meðal annars vegna versnandi hagvaxtarhorfa á mörkuðum mikilvægum bankanum. Í apríl lækkaði S&P lánshæfiseinkunn Glitnis úr A- í BBB+ með neikvæðar horfur. Helstu rök voru veik staða íslenska hagkerfisins, verri aðgangur að fjármögnun og versnandi horfur í tekjuöflun. Glitnir er eini bankinn á Íslandi sem er metinn af S&P.

Fjármögnun samstæðu eftir tegund



Lausafjárstaða



2. Yfirlit viðskiptasviða og landssvæða

Glitnir birtir afkomu eftir viðskiptasviðum og rekstrartekjur eftir landssvæðum. Sviðin skiptast í Viðskiptabankasvið, Fyrirtækjasvið, Fjárfestingabankasvið, Markaðsviðskipti, Eignastýringu og Fjárstýringu. Landssvæðin eru þrjú: Ísland, Norðurlönd og Alþjóðasvið.

Skipting rekstrarreiknings eftir afkomusviðum fyrir 2. ársfjórðung 2008

(m.kr.)	Viðskipta- bankasvið	Fyrirtækja- svið	Fjárfestinga- bankasvið	Markaðs- viðskipti	Eignastýringar- svið	Fjárstýring og önnur starfsemi	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	3.920	7.448	-821	1.953	346	4.944	17.790
Hreinar þóknatekjur	849	477	1.073	4.854	1.817	188	9.257
Aðrar rekstrartekjur	819	-739	1.709	443	34	-2.401	-136
Hreinar rekstrartekjur	5.588	7.186	1.961	7.250	2.197	2.730	26.911
Rekstrarkostnaður	-3.531	-2.331	-664	-2.496	-1.720	-4.036	-14.777
- Laun og launatengd gjöld	-1.694	-1.470	-488	-1.693	-1.051	-919	-7.315
- Annar rekstrarkostnaður	-1.837	-862	-176	-802	-669	-3.117	-7.463
Virðisryrning	-1.310	-2.721	-17	-462	51	-32	-4.492
Aðrar tekjur	5	23	0	0	0	-4	24
Hagnaður fyrir úthlutaðan kostnað og skatta	752	2.156	1.280	4.292	528	-1.343	7.666
Úthlutaður kostnaður	-556	-60	-126	-173	-206	1.112	-9
Hagnaður fyrir skatta	196	2.096	1.154	4.119	322	-231	7.657

Skipting rekstrartekna eftir landssvæðum fyrir 2. ársfjórðung 2008

(m.kr.)	Ísland	Norðurlönd	Alþjóðasvið	Fjárstýring og önnur starfsemi	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	7.412	3.112	2.323	4.943	17.790
Hreinar þóknatekjur	5.581	3.096	392	188	9.257
Aðrar rekstrartekjur	130	754	1.381	-2.401	-136
Hreinar rekstrartekjur	13.122	6.962	4.097	2.730	26.911

2.1. Ísland: Sterkur heimamarkaður leggur grunn að sérþekkingu á sviði markaðssylla

(m.kr.)	2. ársfj. 2008	1. ársfj. 2008	4. ársfj. 2007	3. ársfj. 2007	2. ársfj. 2007
Hreinar vaxtatekjur	7.412	7.590	7.280	6.285	5.148
Hreinar þóknatekjur	5.581	7.824	6.040	5.702	4.261
Aðrar rekstrartekjur	129	-2.516	-2.040	-587	2.086
Hreinar rekstrartekjur	13.122	12.899	11.280	11.400	11.494

Hreinar rekstrartekjur af starfsemi bankans á Íslandi hækka milli fjórðunga, fara úr 12.899 m.kr. á 1. ársfjórðungi í 13.122 m.kr. á 2. ársfjórðungi. Milli ára nemur aukningin 14%.

Markaðsviðskipti skiluðu aftur frábærri afkomu á fjórðungnum. Áberandi mikil velta var með gjaldeyri og skuldabréf vegna mikilla hræringa á gjaldeyrismörkuðum og aukinnar eftirspurnar fjárfesta eftir skuldabréfum í erfiðu árferði á hlutabréfamörkuðum.

Verkefni, tekjur og hagnaður fyrirtækjaráðgjafar voru yfir áætlun á fjórðungnum en meðal stærri verkefna var ráðgjöf við stofnun fasteignafélagsins Eik Properties. Virði heildareignarsafn hins nýja félags er um 54 ma. íslenskra króna og eigið fé 21 milljarður.

Markaðsaðstæður setja mark sitt á útlánastarfsemi fyrirtækjasviðs líkt og á fyrsta ársfjórðungi. Sviðið mun

áfram einbeita sér að því að styrkja samband sitt við kjarnaviðskiptavini.

Starfsemi viðskiptabankasviðs skilaði ágætri afkomu á 2. ársfjórðungi. Aðhalds hefur verið gætt í útlánnum og vinnur minni eftirspurn eftir lánsfé með bankanum þar. Þá hefur framlag á afskriftarreikninga útlána verið aukið til að mæta hugsanlegum útlánatöpum í núverandi efnahagsástandi. Ötulllega hefur verið unnið að hagræðingu á sviðinu og í því skyni voru tvö af smærri útibúum sameinuð öðrum stærri. Þá var í kjölfarið komið á fót sérstöku þjónustusetri við lítil og meðalstór fyrirtæki á Kirkjusandi sem er ætlað að styrkja stöðu bankans á þessum markaði enn frekar. Glitnir starfrækir nú 21 útibú og eru 12 þeirra á höfuðborgarsvæðinu.

2.2. Norðurlönd: Mikil eignagæði í sterkum hagkerfum

(m.kr.)	2. ársfj. 2008	1. ársfj. 2008	4. ársfj. 2007	3. ársfj. 2007	2. ársfj. 2007
Hreinar vaxtatekjur	3.112	2.644	2.247	2.346	2.009
Hreinar þóknatekjur	3.096	2.964	4.849	4.018	4.365
Aðrar rekstrartekjur	754	1.714	1.765	402	979
Hreinar rekstrartekjur	6.962	7.322	8.860	6.767	7.353

Markaðsaðstæður á Norðurlöndunum reyndust áfram erfiðar á öðrum ársfjórðungi. Í Finnlandi varð nokkur rýrnum á eignum í stýringu en ávöxtun var engu að síður góð í samanburði við markaðinn. Gripið hefur verið til aðgerða til að draga úr kostnaðargrunni, bæði í Helsinki og Moskvu og munu áhrif þeirra koma fram á síðari helmingi ársins.

Starfsemin í Noregi var stöðug. Brúttó vaxtatekjur og grunnkostnaður var svipaður og á fyrsta ársfjórðungi.

Starfsemi fyrirtækjaráðgjafar á Norðurlöndunum var með ágætum á fjórðungnum. Stærstu verkefni voru annars vegar skráning Norway Pelagic á markað í Osló og hins vegar ráðgjöf við sölu RenoNorway til Norvestor.

2.3. Alþjóðasvið – Markaðssyllur opna aðgengi að nýjum mörkuðum

(m.kr.)	2. ársfj. 2008	1. ársfj. 2008	4. ársfj. 2007	3. ársfj. 2007	2. ársfj. 2007
Hreinar vaxtatekjur	2.323	2.317	2.605	2.524	1.680
Hreinar þóknatekjur	392	361	661	1.508	409
Aðrar rekstrartekjur	1.381	1.877	884	714	732
Hreinar rekstrartekjur	4.097	4.556	4.150	4.745	2.821

Markaðssyllur Glitnis í sjávarútvegi og endurnýjanlegri orku heyrar undir alþjóðasvið. Mikil velta var af þessari starfsemi á 2. ársfjórðungi líkt og á þeim fyrsta sem stuðlaði að góðri tekjumyndun sviðsins en það skilaði hreinum rekstrartekjum upp á 4.097 m.kr.

Glitnir lauk endurskipulagningu á starfsemi sinni í Evrópu á ársfjórðungnum þar sem stærstur hluti starfsemi bankans í Kaupmannahöfn var færður til Íslands og London. Nokkur fækkun varð á starfsmannafjölda alþjóðasviðs í fjórðungnum

Á alþjóðasviði var góðum árangri Glitnis á sviði sjávarútvegs í Suður-Ameríku fylgt eftir með ráðningu tveggja nýrra viðskiptastjóra, annars vegar í Chile með aðsetur í Santiago og hinsvegar Peru með aðsetur í Lima. Bankinn undirbýr nú umsóknir um starfsleyfi fyrir skrifstofu í báðum þessum löndum.

2.4. Fjárfstýring og önnur starfsemi

(m.kr.)	2. ársfj. 2008	1. ársfj. 2008	4. ársfj. 2007	3. ársfj. 2007	2. ársfj. 2007
Hreinar vaxtatekjur	4.943	1.241	-268	-1.537	822
Hreinar þóknatekjur	188	-546	-955	-366	-147
Aðrar rekstrartekjur	-2.401	151	-3.159	2.781	840
Hreinar rekstrartekjur	2.730	847	-4.382	878	1.515

Starfsemi Fjárfstýringar snýr m.a. að fjármögnun bankans, lausafjárfstýringu, virkri stýringu efnahagsreiknings og stýringu á vaxtaáhættu ásamt því að sjá um viðskiptavakt og eigin viðskipti með erlenda gjaldmiðla og skuldabréf. Fjárfstýring er einnig ábyrg fyrir tengslum bankans við fjármálastofnanir og matsfyrirtæki.

3. Kennitölur

	2. ársfj. 2008	1. ársfj. 2008	4. ársfj. 2007	3. ársfj. 2007	2. ársfj. 2007
Eiginfjárhlutfall CAD	11,2%	11,0%	11,2%	11,7%	13,2%
Eiginfjárhlutfall A	8,0%	7,7%	8,1%	8,5%	9,4%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	17,0%	15,0%	7,1%	26,9%	29,8%
Hagnaður á hlut (kr.)	0,49	0,40	0,19	0,55	0,66
Meðalstöðugildi	2.174	2.291	2.202	2.148	2.011
Vaxtamunur	1,9%	1,7%	1,7%	1,5%	1,7%
Kostnaðarhlutfall	54,9%	53,9%	78,6%	49,3%	52,3%
Virðisrýrnun útlána og krafna					
- hlutfall af meðalstöðu heildarfjármagns	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%
- hlutfall af lánum, kröfum & ábyrgðum í lok tímab.	0,2%	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%
Verð á hlut (lok tímabils)	15,4	17,3	22,0	28,5	29,0
V/H hlutfall (lok tímabils)	9,2	9,5	11,7	12,1	12,0
Arður á hlut					
Arðgreiðsluhlutfall					
Hlutfé	14.647	14.567	14.730	14.609	14.476
Hlutabréfaverð/bókfært verð hluta (lok tímabils)	1,13	1,33	1,90	2,48	2,76
Markaðsvirði (lok tímabils)	225.557	251.283	323.303	417.817	419.000

4. Gengisskráning

Gengi gjaldmiðla þann 30.júní 2008: EUR/ISK 126,6 og NOK/ISK 15,85. Meðalgengi gjaldmiðla fyrir 2.ársfjórðung var EUR/ISK 118,7 og NOK/ISK 14,94.

5. Birting uppgjöra fyrir árið 2008

Fyrirhugaðir birtingardagar uppgjöra Glitnis hf. fyrir árið 2008 eru eftirfarandi:

3. fjórðungur, 4. Nóvember 2008

Afkoma ársins 2008, 11. febrúar 2009

6. Kynning Glitnis á uppgjöri 2. ársfjórðungs 2008

Eftirfarandi kynningar og vefútsendingar verða haldnar í tengslum við birtingu afkomu Glitnis fyrir 2. ársfjórðung 2008. Hægt verður að nálgast uppgjörið á www.glitnir.is frá og með kl. 07:30 að morgni 1. ágúst.

Kynning í Reykjavík

Lárus Welding, forstjóri Glitnis, kynnir uppgjörið fyrir hluthöfum og markaðsaðilum kl. 09:30, föstudaginn 1. ágúst. Fundurinn verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu, söllum H og I. Fundurinn fer fram á ensku. Fylgjast má með fundinum beint á netinu á heimasíðu Glitnis www.glitnir.is. Jafnframt verður hægt að senda fyrirspurnir beint á fundinn.

Kynning í London

Lárus Welding, forstjóri Glitnis, kynnir uppgjörið fyrir markaðsaðilum þriðjudaginn 5.ágúst kl. 16:00 að staðartíma. Fundurinn fer fram á Andaz hótelinu, Great Eastern salnum, Liverpool street 40.

Bókun fjölmiðlaviðtala

Til að bóka fjölmiðlaviðtöl, vinsamlegast hafið samband við Má Másson, forstöðumann kynningarmála á Íslandi með því að senda tölvupóst til mar.masson@glitnir.is eða hringja í síma 440 4990